

Nd. 359. Frumvarp til laga [137. mál]
um breyting á lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „flugvallastjóra ríkisins“ á fjórum stöðum í 2. gr. laganna komi:
flugmála- og flugvallastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni flugmálaráðherra, og fylgdu því
svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum nr. 119 28. des. 1950 var lagt niður embætti flugmálastjóra sem sér-
stakt embætti. Jafnframt voru störf þess embættis sameinuð embætti flugvallastjóra,
en embættisheiti hans þó ekki breytt.

Með því að núverandi embættisheiti gefur engan veginn rétta hugmynd um störf
þessa embættismanns, þykir rétt að breyta heitinu svo sem greinir í frumvarpinu.